

# **Eining - Iðja**

**Ársreikningur 2005**

<b>Efnisyfirlit</b>	<b>bls.</b>
Ársskýrsla .....	2
Skýrsla stjórnar á aðalfundi Einingar-löju 27. apríl 2006 .....	3 - 19
Áritun endurskoðenda .....	20
Yfirlit um rekstrarafkomu félagsins .....	21
Yfirlit um efnahag félagsins .....	22
Rekstrarreikningur félagssjóðs .....	23
Efnahagsreikningur félagssjóðs .....	24 - 25
Rekstrarreikningur sjúkrasjóðs .....	26
Efnahagsreikningur sjúkrasjóðs .....	27
Rekstrarreikningur orlofssjóðs .....	28
Efnahagsreikningur orlofssjóðs .....	29
Rekstrarreikningur vinnudeilusjóðs .....	30
Efnahagsreikningur vinnudeilusjóðs .....	31
Rekstrarreikningur fræðslusjóðs .....	32
Efnahagsreikningur fræðslusjóðs .....	33
Rekstrarreikningur byggingarsjóðs .....	34
Efnahagsreikningur byggingarsjóðs .....	35
Rekstrarreikningur hússjóðs Dalvíkur .....	36
Efnahagsreikningur hússjóðs Dalvíkur .....	37
Rekstrarreikningur hússjóðs Ólafsfjarðar .....	38
Efnahagsreikningur hússjóðs Ólafsfjarðar .....	39
Rekstrarreikningur skrifstofu Einingar-löju .....	40
Samandreginn rekstrareikningur .....	41
Samandreginn efnahagsreikningur .....	42
Sjóðstreymi .....	43
Reikningsskilaaðferðir .....	44
Skýringar og sundurliðanir .....	45 - 48
Fimm ára yfirlit .....	49

# Ársskýrsla

Stéttarfélagið Eining-löjla var stofnað þann 15. maí 1999. Félagið var stofnað við sameiningu Verkalýðsfélags Einingar og Löjla félags verksmiðjufólks. Fullgildir félagsmenn í árslok 2005 voru 4.930.

## Starfsemin á árinu

Starfsemin á árinu var með svipuðu sniði og árið áður. Félagið rekur skrifstofur á Akureyri, Dalvík og Ólafsfirði.

Laun formanns á árinu námu kr. 4.954.258 og laun stjórnar kr. 578.703.

## Staðfesting ársreikningsins

Stjórn Einingar-löjla staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2005 með áritun sinni.

Akureyri, 10. apríl 2006.

## Stjórn

## Skýrsla stjórnar á aðalfundi Einingar-löju 27. apríl 2006

### Réttindi og skyldur félagsmanna skv. lögum félagsins

#### Réttindi fullgildra félaga.

- a) Málfrelsi, tillöguréttur og atkvæðisréttur á fundum félagsins ásamt kjörgengi til trúnaðarstarfa innan félagsins og þeirra félagasambanda, sem það er aðili að.
- b) Réttur til styrkja úr sjóðum félagsins í samræmi við það, sem nánar er kveðið á um í reglugerðum þeirra.
- c) Réttur til að vinna við þau störf, sem kjarasamningar félagsins taka til og eftir þeim kjörum, sem samningar þess ákveða hverju sinni.
- d) Réttur til afnota af orlofshúsum félagsins og öðrum sameiginlegum eignum eftir því sem reglugerðir og samþykktir félagsins kveða nánar á um.
- e) Réttur til að sækja námskeið á vegum félagsins eða samtaka sem það er aðili að.
- f) Réttur til aðstoðar vegna vanefnda atvinnurekenda á kjarasamningum og til annarar þjónustu, sem félagið getur veitt varðandi atvinnu og réttindamál.

#### Skyldur félagsmanna.

- a) Að hlíta lögum félagsins, fundarsköpum þess, fundasamþykktum og samningum í öllum greinum og stuðla að því að aðrir geri það.
- b) Að greiða félagsgjöld skilvíslega af launum sínum skv. 11. gr. a liðar.
- c) Að gegna trúnaðarstörfum fyrir félagið, sé eftir því leitað. Þó getur starfandi stjórnarmaður, sem verið hefur samfellt 3 ár eða lengur í stjórn félagsins, skorast undan stjórnarstörfum jafnlangan tíma. Hafi félagsmaður gegnt trúnaðarstörfum fyrir félagið í 5 ár eða lengur getur hann skorast undan endurkjöri.
- d) Að stuðla að því, að ófélagsbundið fólk, sem rétt á til inngöngu í félagið, gerist félagsmenn.
- e) Að taka ekki upp störf, sem stéttarfélög hafa lagt niður vegna kjaradeilu.
- f) Að tilkynna til félagsins um brot á lögum þess, samþykktum og kjarasamningum, svo og um brot á lögum og reglugerðum, sem í gildi eru hverju sinni.

## Starfssvæði félagsins

Starfssvæði þess er Akureyri, Dalvík, Ólafsfjörður og allir hreppar Eyjafjarðarsýslu. Ennfremur Svalbarðsstrandar- og Grýtubakkahreppur í Suður Þingeyjarsýslu. Heimili félagsins og varnarþing er á Akureyri.

## Félagið í hnotskurn

Almenn starfsemi og þjónusta

Eftirtalinn fjöldi félagsmanna naut styrkja á árinu 2005:

Starfsmenntastyrkur	347	
Sjúkrasjóður	1.346	
Orlofshús og tjaldvagnar	591	
Orlofsferðir	185	
<b>Samtals 2005</b>	<b>2.469</b>	<b>eða 50,08% félagsmanna</b>
<b>Árið 2004 voru sambærilegar tölur:</b>	<b>2.152</b>	<b>eða 43,70%, aukningin er rúm 6% milli ára</b>

<b>Lykiltölur 2005</b>	<b>2005</b>	<b>2004</b>
<b>Tekjur</b>		
Félagsgjöld.....	83.809.886	73.455.049
Sjúkrasjóðsgjöld .....	50.322.852	46.678.608
Orlofssjóðsgjöld .....	27.119.990	23.466.681
Fræðslusjóðsgjöld .....	5.280.256	3.763.650
Húsaleiga .....	10.879.469	11.182.792
Aðrar tekjur .....	2.702.008	2.467.310
<b>Samtals tekjur</b>	<b>180.114.461</b>	<b>161.014.090</b>
<b>Gjöld</b>		
Aðrar bætur og styrkir til félagsmanna .....	47.707.904	38.483.966
Rekstur og viðhald fasteigna .....	24.866.475	19.146.820
Rekstrarkostnaður .....	69.949.030	64.931.852
<b>Samtals bætur, viðhald og rekstrarkostnaður</b>	<b>142.523.409</b>	<b>122.562.638</b>
Fjármagnsliðir .....	9.829.977	8.600.855
<b>Hreinar tekjur fyrir afskriftir til ráðstöfunar</b>	<b>47.421.029</b>	<b>47.052.307</b>

#### **Helstu styrkir úr félagssjóði starfsárið 2005-2006**

Mæðrastyrksnefnd	kr.	330.000
Mannréttindaskrifstofan	kr.	50.000
Endurhæfingadeildin Kristnesi	kr.	300.000
Stafsþjálfunarsetur á Akureyri	kr.	500.000
Aflið systursamtök Stígamóta	kr.	30.000

#### **Stjórn Einingar-löju starfsárið 2005-2006**

Björn Snæbjörnsson, formaður  
 Matthildur Sigurjónsdóttir, varaformaður  
 Halldóra H. Höskuldsdóttir, ritari  
 Anna Júlíusdóttir, Elísabet Jóhannsdóttir, Eypór Karlsson, Guðrún Skarphéðinsdóttir,  
 Marsibil Kristjánisdóttir, Sigríður K. Bjarkadóttir, Hafdís Kristjánisdóttir, Valdimar  
 Gunnarsson og Þorsteinn J. Haraldsson

#### **Samfellt starf verkalýðsfélaga við Eyjafjörð í 100 ár:**

Þann 6. febrúar sl. var þess minnst að 100 ár eru frá stofnun Verkamannafélags Akureyrar, forvera Einingar-löju. Af þessu tilefni var afhjúpaður minnisvarðinn "Samstaða" á Oddeyrartanga, skammt vestan Eimskipafélagshússins. Minnisvarðinn er gjöf KEA til hins vinnandi manns, en hann var gerður af listamanninum Jóhanni Ingimarssyni - Nóa. Forseti Íslands, Hr. Ólafur Ragnar Grímsson, sótti okkur heim af þessu tilefni, flutti ræðu og afhjúpaði minnisvarðann. Við afhjúpunina fluttu ræður Björn Snæbjörnsson formaður Einingar-löju, Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri og Halldór Jóhannsson framkvæmdastjóri KEA sem afhendi minnisvarðann og tjáði hug

KEA til hins vinnandi manns hér í Eyjafirði. Öll afmælisdagskráin tókst vel. Sérstakt afmælisblað var gefið út og var því dreift í öll hús á félagssvæðinu, mæltist blaðið mjög vel fyrir. Einnig var sögusýning í salnum á annari hæð og sóttu um 1000 manns hana.

Afmælisnefnd sem í sátu Jón Helgason fyrrverandi formaður Einingar, Kristín Hjálmarsdóttir fyrrverandi formaður lðju og Þorsteinn E. Arnórsson starfsmaður Einingar-lðju, var sett á laggirnar og sá hún um undirbúning afmælisins ásamt Fremri Kynningarþjónustu og var allur undirbúningur og framkvæmd bæði vel og fagmannlega unnið.

## Kjarasamningar starfsárið 2005 - 2006

Eftirfarandi samningar voru kynntir á stjórnarfundum síðasta árs:

Þann 7. júní 2005 var lagður fram samningur Starfsgreinasambands Íslands og Launanevndar sveitarfélaga sem gerður var 29. maí 2005.

Atkvæðagreiðsla var um samninginn. 704 voru á kjörskrá, atkvæði greiddu 355 eða 51%. Já sögðu 319 eða 90% en nei sögðu 26 eða 7%. Auðir og ógildir seðlar voru 10 eða 3%. Samningurinn var því samþykktur.

Einnig var lagður fram samningur við Sæplast á Dalvík.

Þann 22. ágúst 2005 var lagður fram stofnanasamningur við Vegagerðina.

Þann 21. september 2005, voru lagðir fram samningar við Norðurorku hf. sem var byggður að miklu leyti á samningi SGS og LN.

Þann 21. nóvember 2005 var lagður fram viðbótarsamningur við gildandi samning ríkisins og SGS til samræmis við samning sem SFR gerði við ríkið.

Þann 28. janúar 2006 var lagður fram samningur við Slippinn Akureyri ehf. vegna félagsmanna sem þar vinna.

Á sama fundi var lagður fram samningur við Hjallastefnuna ehf. sem tryggði að þeir sem vinna á þessum einkarekna leikskóla fari í einu og öllu eftir samningum SGS og Launanevndar Sveitarfélaga.

Einnig var rætt um þær launabreytingar sem Launanevnd Sveitarfélaga ákvað einhliða eftir samning Eflingar og Reykjavíkurborgar. Hækkunin var mest til þeirra lægst launuðu.

## Fjárveitingar úr sjúkrasjóði 2005

A) Sjúkradagpeningar	Fjöldi	Upphæð kr.
Dagpeningar vegna veikinda og slysa	116	29.270.810
Dagpeningar vegna barna	21	128.553
Dagpeningar vegna veikinda og slysa starfsmanna ríkis/sveitarfélaga	25	3.121.487

Dagpeningar vegna barna starfsm. ríkis/sveitarfélaga	3	16.400
Dagpeningar vegna áfengisvanda	13	1.019.843
Dagpeningar barna vegna áfengisvanda	1	3.000

**B) Dánarbætur** 67 5.080.032

**Bætur samtals** 246 38.640.125

#### Styrkir til félagsmanna

Sjúkraþjálfun	369	2.438.002
Sjúkranudd	106	1.385.149
Sjúkraþjálfun starfsmanna sveitarf.	144	965.627
Sjúkraþjálfun starfsmanna ríkisins	5	31.577
Sjúkranudd starfsm. sveitarfélaga	43	461.637
Sjúkranudd starfsm. ríkisins	2	30.330

Krabbameinsskoðun	368	693.041
Hjarta- og lungnastöðin og Hjartavernd	40	312.842
Aðrir styrkir	23	880.000

**Styrkir til sjóðsfélaga samtals** 1.100 7.198.205

**Bætur og styrkir til félagsmanna úr sjúkrasjóði 2005** 1.346 45.838.330

#### Stjórn Sjúkrasjóðs starfsárið 2005-2006

Sigrún Lárusdóttir, Geirlaug Sigurjónsdóttir og Aðalbjörg Sigvaldadóttir  
Varamenn Geir Guðmundsson, Guðrún Helgadóttir og Lára Einarsdóttir.



### Námskeið

Haldin voru trúnaðarmannanámskeið 1 og 2 í samvinnu við Félag byggingamanna Eyjafirði og Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri. Mjög góð þátttaka var á námskeiðunum. Mjög gott er að fá nemendur frá fleirum en einu félagi á námskeiðin, þá koma fram sjónarmið frá ólíkum starfsgreinum. Alls sóttu á fjórða tug trúnaðarmanna námskeiðin.

Haldið var námskeið fyrir starfsfólk Alþýðuhússins sem nefndist "Áfallahjálp og stjórnun". Það námskeið var mjög vel sótt og almenn ánægja með það sem þar var kennt.

Stjórnarmenn tóku þátt í námskeiði þar sem farið var yfir undirstöðuatriði í ræðumennsku, fundarstjórn, fundarritun og fl.

Einnig var haldið námskeið fyrir stjórnarmenn félagsins um sameiningu félaga. Þetta námskeið var haldið í Reynihlíð.

Haldið var öflugt námskeið fyrir starfsfólk í ferðapjónusta í samvinnu við Símei og ýmsa veitingastaði hér í bænum og sóttu það 55 manns.

Önnur námskeið sem haldin hafa verið eru:

Förðun -með 26 þátttakendum.

Lampagerð - með 20 þátttakendum.

Perlujólaskraut - með 25 þátttakendum.

Jólakortagerð - með 20 þátttakendum.

Skartgripagerð - með 11 þátttakendum.

Kertaskreyting - haldið á Dalvík - með 12 þátttakendum.

Jólakortagerð - haldið í Hrísey - með 7 þátttakendum.

Lampa og skrautkúlugerð - haldið í Ólafsfirði - með samtals 27 þátttakendum.

Fyrirhugað var að halda bridgenámskeið eftir ábendingar félagsmanna en ekki reyndist nóg þátttaka en ætlunin er að halda námskeið í fluguhnýtingum fljótlega.

### Landsmennt:

Á undanförunum árum hefur aukist mjög að fólk fari á ýmis námskeið sér til gagns og gamans, vegna vinnunnar, til sjálfstyrkingar og tómstundanámskeið. Þetta hefur verið gert auðveldara eftir að starfsmenntasjóðurinn Landsmennt var stofnaður. Alls sóttu 347 einstaklingar, 246 konur og 101 karl, um einstaklingsstyrki úr sjóðinum árið 2005 samtals að upphæð kr. 7.677.216

### Aldursdreifing styrkþega í Landsmennt

22 einstaklingar á aldrinum 17-20 ára, 89 á aldrinum 21-30 ára, 68 eru 31-40 ára, 72 eru 41-50 ára, 70 51-60 ára og 26 eru á aldrinum 61-70 ára.

**Hvaða námskeið eða nám er um að ræða?**

Íslenska fyrir útlendinga	30
Stöðupróf í íslensku fyrir útlendinga	2
Tölvunám/námskeið	56
Aukin ökuréttindi	15
Náms og kynnisferðir	35
Tungumálanám (enska, spænska o fl.)	15
Framhaldsnám (einnig fjarnám)	44
Háskólanám (einnig fjarnám)	34
Starfsnám	84
Annað	15
Tómstundanámskeið	17

**Hverjir sóttu námskeiðin?**

Almennir starfsmenn	183
Starfsmenn sveitarfélaga	161
Ríkisstarfsmenn	3

Tengiliður við Landsmennt er Brynja Skarphéðinsdóttir og hefur hún einnig umsjón með þeim námskeiðum sem félagið heldur.

**Orlofsmál**

Á árinu 2005 voru sautján og hálf orlofshús og þrjár íbúðir í eigu félagsins. Sjúkraíbúðin í Reykjavík er ekki inn í þessu. Félagið tók á leigu fjögur orlofshús og íbúðir víðsvegar um landið til viðbótar, einnig greiddi félagið út orlofsstyrki sem við köllum „vika að eigin vali“.

Vetrarleiga hefur verið nokkur og hefur aukist ár frá ári en mætti vera mun meiri. Búið er að setja upp fjóra heita potta við húsin á Illugastöðum og nú í vor verða komnir heitir pottar við öll hús félagsins þar.

Íbúðirnar okkar í Reykjavík eru alltaf í notkun og komast færri að en vilja. Til að auka framboðið er nú búið að leigja íbúð í samvinnu við FBE og í burðarliðnum er leiga á einni íbúð til viðbótar. P.A.B. Fasteignafélag á þessar íbúðir.

Vonandi gengur betur að útvega félögunum aðstöðu í Reykjavík eftir þessa viðbót.

**Nýting orlofshúsa 2005**

	sumarvikur	sumarhelgar	vetrarvikur	vetrarhelgar
Illugastaðir (6)	56	27	13	95
Flókalundur í Vatnsfirði (1)	13	0	0	0
Einarsstaðir (1)	10	1	0	2
Svignaskarð (1)	14	1	1	15
Tjarnargerði (0,55%)	7	2	3	12
Ljósheimar Reykjavík (2)	31	1	62	10
Egilsstaðir (1)	11	3	4	0

Félagið var með orlofsbústaði víðsvegar um landið í skiptum fyrir orlofshús á Illugastöðum:

Einarsstaðir (1)	12
Munaðarnes/Stóruskógar (3)	40

Klifabotn í Lóni (1)	12	1
Brekkuskógur (2)	24	
Ölfusborgir (1)	11	

Húsnæði sem félagið leigði:

Garðshorn	11	
Súðavík	9	
Mjúkaból	12	
Einarsstaðir	12	1

"Vika að eigin vali" 50 eða alls kr 612.435,-

Í samstarfi við Kjöl leigðum við hús á Jótlandi.

Nú í sumar er félagið með íbúð í Kaupmannahöfn til viðbótar við húsið á Jótlandi

### **Orlofsferðir**

Félagið stóð fyrir þremur ferðum sumarið 2005:

54 fóru í orlofsferð til Færeyja

41 fóru í fjallaferð um Lónsöræfi.

Að síðustu fóru svo 90 manns í eins dags ferð fyrir aldraða félagsmenn út á Flateyjardal.

### **Atvinnuleysisbætur**

Nokkur fjöldi félagsmanna Einingar-löju hefur verið atvinnulaus árið 2005.

Alls komu inn á atvinnuleysisrá 621 félagsmenn á árinu 2005, 295 karlar og 326 konur.

Árið 2004 voru 715 félagsmenn atvinnulausir einhvern tíma á árinu, 367 karlar og 348 konur.

Sambærilegar tölur fyrir árið 2003 eru 741, 385 karlar og 356 konur.

Árið 2002 voru alls skráðir 671 félagsmaður, árið 2001 alls 744 og árið 2000 voru 409 félagsmenn atvinnulausir einhvern tíma á árinu.

Atvinnuleysi meðal þeirra ungu hefur aukist verulega, einnig eru fleiri sem eru atvinnulausir í lengri tíma en áður.

Hámarksbætur fyrir einstakling frá 1. janúar 2005 eru kr 4.219 fyrir hvern virkan dag atvinnuleysis eða um það bil kr. 91.426 á mánuði að meðaltali.

### **Fundir hjá félaginu:**

Stjórn Einingar-löju hélt 11 stjórnarfundi á starfsárinu.

Margt var tekið fyrir á þessum fundum m.a. samningar, fjármál félagsins og önnur mál er varða félagsstarfið í heild

Trúnaðarráð hélt þrjá fundi á starfsárinu, þar var m.a. fjallað um inntökubeiðnir í

félagið, uppstillingu í stjórn og trúnaðarráð, fulltrúa á ársfundi Starfsgreinasambands Íslands, Alþýðusambands Íslands og Alþýðusambands Norðurlands. Á öllum trúnaðarráðsfundum er haldið erindi.

Kristján Magnússon sálfræðingur á Reyni ráðgjafastofu flutti erindi um bjartsýni og svartsýni, hann útskýrði hvernig hægt væri að vinna bug á svartsýni með því að nota bjartsýni og hvernig smá uppörvun getur breytt líðan fólks.

Marianna Traustadóttir jafnréttisfulltrúi ASÍ fjallaði um jafnréttisstefnu sambandsins og fræðslusjóðinn Landsmennt.

Kristján Magnússon sálfræðingur flutti erindi um tilfinningagreind og fjallaði meðal annars um það hvernig tilfinningar stjórna raunar gerðum okkar.

Uppstillinganefnd kom saman fjórum sinnum og gekk mjög vel að fá fólk til að gegna störfum fyrir félagið.

### **Aðalfundir Svæðisráða.**

Aðalfundir voru haldnir í febrúar og mars sl. í öllum svæðisráðum félagsins þ.e. Ólafsfirði, Dalvík, Hrísey og Grýtubakkahreppi. Á fundunum var fjallað um skipulagsmál félagsins og skýrslu þá sem Kristján Bragason gerði fyrir félagið.

Þar kemur fram ef aðeins er fjallað um svæðisráðin að þau séu:

- Nauðsynleg tenging við Akureyri
- Óljóst hvert hlutverk þeirra er?
- Félagslegt starf nánast ekkert
- Standa sig ekki vel í upplýsinga- og kynningarmálum
- Lítið notuð af félagsmönnum
- Tímaeyðsla - enginn áhugi fyrir þeim
- Óþörf hér hjá okkur en nauðsynleg á stærri svæðunum
- Bakland fyrir formann svæðisráðs
- Mismunandi reglur eiga að gilda eftir svæðum

Góðra umræður urðu um skýrsluna á öllum fundunum.

Einnig voru haldnir fundir um ýmis málefni í svæðisráðunum.

Á aðalfundi svæðisráðs Ólafsfjarðar var Ágústi Sigurlaugssyni veitt gullmerki félagsins, en hann lét af störfum sökum aldurs um síðustu áramót. Hann hafði þá unnið hjá félaginu í áratugi og verið mjög ötull í starfi félagsins bæði í Ólafsfirði og í félaginu öllu.

Ég verð að segja frá því hér að þann 23. apríl sl. lést síðan Ágúst og vottum við aðstandendum hans dýpstu samúð.

### **Aðalfundir starfsgreinadeilda:**

Aðalfundir starfsgreinadeildanna voru allir haldnir þann 16. mars og var þetta nýtt fyrirkomulag. Allir fundirnir byrjuðu á sama tíma á sama stað, en var síðan skipt upp. Er það mál manna að þetta hafi tekist vel og sé þess virði að halda því áfram.

Í upphafi flutti Kristján Bragason skýrsluna sem hann gerði fyrir stjórn félagsins, hann hafði talað við um 150 einstaklinga víðsvegar um allan fjörð, bæði stjórnir deilda og svæðisráða. Einnig talaði hann við fólk í sérstökum rýnihópum þar sem þátttakaendur voru valdir af handahófi.

Það sem snéri beint að starfsgreinadeildunum var að þær væru nauðsynlegar en:

- Fæstir vita neitt um störf þeirra.
- Öflugt tæki í kjarasamningum.
- Umræðuvettvangur fyrir kjarasamninga.
- Starfa lítið utan Akureyrar.
- Formenn ekki nægjanlega sýnilegir.
- Sumar deildir virkar, aðrar ekki.
- Hugsanlega of margar.

Eftir þessa skipulagsumræðu var fundarmönnum skipt niður eftir deildum í hina ýmsu sali í Alþýðuhúsinu.

Allir þessir fundir tókust vel en voru misvel sóttir, eins og alltaf.

Að meðaltali hafa verið haldnir fjórir stjórnarfundir á ári í starfsgreinadeildunum.

Ársfundir Alþýðusambands Íslands og Starfsgreinasambands Íslands voru haldnir í október sl. Eining-löjja átti 12 fulltrúa á báðum fundunum.

29. þing Alþýðusambands Norðurlands var haldið um mánaðamótin september/október sl. Eining-löjja átti 49 fulltrúa á þinginu.

Aðalfundur Lífeyrissjóðs Norðurlands er haldinn í maí ár hvert og á félagið rétt á að senda um það bil 25 fulltrúa á fundina.

Margir aðrir fundir voru haldnir t.d. vinnustaðafundir og fræðslufundir. Einnig mættu fulltrúar félagsins á ýmsa fundi fyrir hönd þess.

### **Framkvæmdir hjá félaginu**

Framkvæmdir á vegum félagsins voru aðallega á Illugastöðum, þar sem eitt hús var endurbætt, pallar stækkaðir við fjögur hús og settir niður heitir pottar við þau.

Nú fyrir sumarið verður búið að setja heita potta við öll húsin okkar á Illugastöðum og stækka alla palla þar. Einnig er verið að vinna við breytingar á tveimur húsum.

Verið er að leggja hitaveitu í öll húsin.

Á næsta starfsári verða settir heitir pottar við hús félagsins á Einarstöðum og í Tjarnagerði.

Ennfremur verður farið í almennt viðhald annarsstaðar

### **Kynnisferðir**

Þrjár fulltrúar félagsins fóru í kynnisferð til Svíþjóðar. SGS skipulagði þessa ferð.

Farið var í óvissuferð til Siglufjarðar og Hríseyjar með þá félagsmenn sem gegna trúnaðarstörfum fyrir félagið.

### **Vináttuheimsókn**

Síðast liðið haust kom stjórn Verkalýðsfélags Vestfirðinga í vináttuheimsókn til Einingar-löjju og gátum við þá endurgoldið móttökurnar frá síðasta ári er stjórn Einingar-löjju fór Vestur.

Heimsóknin tókst mjög vel í alla staði og treysti enn betur vináttuböndin á milli félaganna.

## **Þjónusta á skrifstofum félagsins:**

Álagið á skrifstofum félagsins var eins og oft áður mikið og þá einkum að svara félagsmanna varðandi kaup og kjör og hefur það vaxið mjög undanfarin fimm ár og er greinilegt að fólk er áhugasamara en áður um rétt sinn. Einkum er það unga fólkið sem er að skila sér og tel ég að það sé afleiðing af fræðslustarfinu sem félagið hefur beitt sér fyrir í tíundabekkjum grunnskólanna á Eyjafjarðarsvæðinu.

Einnig hefur verið farið með fræðslu í Verkmenntaskólann á Akureyri. Mikið hefur mætt á lögfræðingum félagsins bæði varðandi launakröfur, gjaldþrot og aðstoð við starfsmenn félagsins við að túlka samninga.

Nokkuð er um að ný lög um fæðingarorlof hafi ekki skilað sér nægilega vel til launþega og ekki síst til atvinnurekenda.

Því miður koma upp á hverju ári mál er varða einelti og kynferðislega áreitni á vinnustöðum og eru þessi mál þau erfiðustu sem starfsmenn félagsins koma að.

Einnig eru nokkuð mörg mál í gangi varðandi innheimtu á félagsgjöldum hjá fyrirtækjum.

**Á Akureyri var hringt inn síðastliðna 11 mánuði 14.355 símtöl, 1.305 á mánuði eða 60 símtöl að meðaltali á dag. Á Dalvík og Ólafsfirði alls 1.425 símtöl þ.e.a.s. 130 á mánuði, eða rúmlega 6 símtöl að meðaltali á dag.**

Miðasala í göngin er þjónusta sem félagið stendur fyrir og er heilmikið notuð, á árinu 2005 spöruðu Einingar-löjufélagar sér 2.800.000 krónur á því að kaupa miðana hjá félaginu. Á árinu 2004 var sparnaðurinn 1.500.000, aukningin er um 86%.

## **Skrifstofan í Ólafsfirði**

Þegar Ágúst Sigurlaugsson lét af störfum vegna aldurs um síðustu áramót var skrifstofunni í Ólafsfirði lokað. Samið var við Sjómannafélag Ólafsfjarðar um að sinna félagsmönnum með samninga, umsóknir og fl. Þannig erum við að veita nokkra þjónustu þó við séum ekki með sérstaka skrifstofu.

## **Útgáfa og kynningarmál**

Félagið gaf út, eins og venjulega þrjú blöð á árinu orlofsblað, sumarblað og desemberblað sem er stærst. Sumarblaðið og desemberblaðið hafa verið borin út í öll hús á félagssvæðinu í rúmlega 10.000 eintökum og hefur það mælst vel fyrir.

Kynningarþjónustan Fremri hefur unnið blaðið eins og undanfarin ár.

Heimasíðan var vel virk á árinu enda var fenginn aðili til að sjá um hana þ.e.

Kynningarþjónustan Fremri og er nú reynt að birta allar nýjustu fréttir frá félaginu.

## **Könnun gerð af Kristjáni Bragasyni**

Stjórn félagsins fékk Kristján Bragason fyrrverandi framkvæmdastjóra

Starfsgreinasambands Íslands til að gera könnun meðal félagsmanna um skipulag félagsins

- Úttekt á skipulagi og uppbyggingu
- meta þjónustu við félagsmenn
- meta notkun fjármuna
- skilja veikleika og galla
- forgangsraða verkefnum
- hlusta á félagsmenn
- tillögur að úrbótum

**Aðfarafraeðin sem notuð var:**

- Spurningalistar
- Forgangsröðunarlistar
- Viðtöl
- Starfsgreinadeildir (fimm)
- Svæðisráð (fjögur)
- Almennir félagsmenn (níu rýnihópar)
- Starfsmenn

**Helstu niðurstöður****Þar kemur fram að við erum að standa okkur nokkuð vel t.d.**

- Þjónusta til fyrirmyndar
- Sterk ímynd
- Góður rekstur
- Félagslegt starf gott
- Ánægja með skrifstofur og formann
- Formenn svæðisráða gera sitt besta
- Félagið að standa sig
- Gott blað og frábært að dreifa því á öll heimili
- Starfsmenn að standa sig vel
- 1. maí hátíðahöldin til fyrirmyndar

**en það kom einnig fram að við gætum gert betur og var nefnt t.d.**

- Upplýsingagjöf til félagsmanna slök.
- Kynningamál ófullnægjandi.
  - Félagið er illa kynnt úti á vinnustöðunum
- Fjölgað vinnustaðaheimsóknir.
- Hagsmunabarátta veik.
- Svæðisráð ekki að virka.
- Starfsgreinadeildir illa kynntar.
- Formaður mætti vera sýnilegri.
- Höfðar ekki til yngra fólks.
- Vandamál með orlofsíbúðir í RVK.
- Vantar fleiri fræðslufundi um almenn málefni.
  - Líka út á svæðin.
- Vantar að endurtaka kynningar á réttindum.
- Auglýsingar þurfa að birtast víðar.
- Kynningarefni fyrir vinnustaði vantar.
- Starfsmenn þurfa að koma meira á vinnustaðina.
- Nauðsynlegt að kynna betur heimasíðu.

Kristján hefur sett fram hugmyndir að nýju skipulagi sem stjórn félagsins mun skoða og gera tillögur í framhaldi af henni fyrir 1 nóvember 2006, þannig að hægt verði að kynna þær vel fyrir félagsmönnum og taka til afgreiðslu á aðalfundi félagsins árið 2007.

**Félagatal:**

Ár	Heildarfjöldi	Aðalfélagar	Aukafélagar
2005	5.518	4.930	588
2004	5.471	4.925	546
2003	5.443	4.802	641
2002	5.441	4.726	715
2001	5.235	4.510	725

**Félagatal Svæðisráð**

2005	1.078	971	107
2004	1.074	976	98
2003	1.052	841	111
2002	1.035	887	148
2001	1.015	868	147

Félagatal Starfsgreinadeildar	2005	2004	2003
Opinbera deildin	1.448	1.662	1.590
Matvæladeildin	1.258	1.480	1.438
Þjónustudeildin	537	658	658
Iðnaðardeildin	295	575	580
Tækja-flutninga og byggingardeildin	540	550	536

Inn í tölum 2004 og 2003 eru gjaldfríir. Gjaldfríir eru ekki með í tölunni 2005, en það ár eru þeir 812 talsins.

Félagsmönnum hefur fjölgað á fjórum árum um 5,41%

**Félagsgjald**

Félagsgjald, er 1,30% af öllum launum, sem skiptist þannig að 1% fer í félagssjóð, 0,25% í vinnudeilusjóð og 0,05% í fræðslumál. Ekki er innheimt lágmarksgjald.

**Starfsmenn**

Sömu starfsmenn voru hjá félaginu árið 2005 og árið á undan. Þ.e. Ágúst Sigurlaugsson, Björn Snæbjörnsson, Brynja Skarphéðinsdóttir, Guðrún Skarphéðinsdóttir, Margrét Einarsdóttir, Matthildur Sigurjónsdóttir, Sigrún Lárusdóttir og Þorsteinn E. Arnórsson



## Iðgjöld


Heildariðgjöld ársins námu kr. 147,4 milljónum og hafa hækkað um 9,5% frá árinu áður. Alls bárust greiðslur félagsgjalda frá 459 atvinnurekendum. Iðgjöld í félagssjóð námu kr. 73,5 milljónum á árinu, hér að neðan er listi yfir þá 20 atvinnurekendur sem greiða hæstu fjárhæðirnar á árinu.

	Greidd félagsgjöld	Hlutfall af heild	Fjöldi sem greitt er af
Akureyrarkaupstaður.....	17.645.641	21,1%	1.664
Samherji hf.....	7.177.548	8,6%	399
Samskip hf.....	2.575.031	3,1%	142
Úthlutunarnefnd Norðul e.....	1.952.431	2,3%	583
Kjarnafæði hf.....	1.864.739	2,2%	115
Fjórðungssjúkrahúsið á A.....	1.413.917	1,7%	96
Norðlenska matborðið ehf.....	1.364.142	1,6%	119
Norðurmjólk ehf.....	1.355.971	1,6%	62
ISS Ísland ehf.....	1.308.712	1,6%	203
Eimskipafélag Íslands eh.....	1.217.011	1,5%	118
Greifinn eignarhaldsféla.....	1.163.404	1,4%	159
G.V.Gröfur ehf.....	945.406	1,1%	60
Sæplast Dalvík ehf.....	932.296	1,1%	56
Fjársýsla ríkisins,launa.....	907.621	1,1%	113
Sandblástur og málmhúðun.....	828.356	1,0%	38
Tryggingastofnun ríkisin.....	805.100	1,0%	165
Skinnaiðnaður Akureyri e.....	781.485	0,9%	42
Eining-löja.....	772.657	0,9%	355
Bakkalá ehf.....	758.255	0,9%	62
Sérleyfisbílar Ak-Norður.....	675.373	0,8%	39
Aðrir, 435 aðilar.....	37.364.790	44,6%	3.720
	83.809.886	100,0%	8.310

## Myndræn framsetning

### Rekstrartekjur


Þessi mynd sýnir þróun rekstrartekna yfir 5 ára tímabil.



Rekstrartekjur hækka umtalsvert 2001 þegar að félagsgjaldið var hækkað. Nokkur hækkun er frá 2001 til 2002 þar sem hækkun á félagsgjaldi er að skila sér að fullu. Lítil hækkun er á tekjum þegar árin 2002 til 2003 eru skoðuð en veruleg hækkun verður 2004.

### Hagnaður (tap)


Hér er gerð grein fyrir þróun afkomu Einingar-löju yfir 5 ára tímabil.



Eftir að félagsgjöldin voru hækkuð hefur verið góður hagnaður í félaginu, sem nær hámarki árið 2004.


## Rekstrargjöld og heildartekjur

Skipting rekstrargjalda árið 2005 er sett hér fram í kökumynd.



Hér má sjá að u.þ.b. einn þriðji af greiddum gjöldum rennur til félagsmanna í formi styrkja og vegna sjúkradagpeningar þar þyngst. Annar þriðjungur fer í kostnað við félagsstarfið og annan rekstarkostnað. Laun og launatengd gjöld nema rúmum fjórðung af kostnaði ársins.


Heildartekjur ársins 2005 skiptist með þessu hætti:



Á þessari mynd má sjá að 15% heildartekna félagsins á árinu 2005 voru ekki félagsgjöld.

## Eignir

Eignarstaða félagsins samkvæmt ársreikningi 2005 er 401,6 milljónir króna. Skipting á helstu flokka er eftirfarandi:



Eins og sjá má á kökurninu þá vega peningainnistæður mest í eignastöðu félagsins eða um helmingur af eignum félagsins er í handbæru fé. Fasteignir nema um 39% af heildareignum félagsins.

## Áritun endurskoðenda

### Til félagsmanna og stjórnar Einingar - lðju.

Við höfum endurskoðað ársreikning þennan fyrir Einingu-lðju, árið 2005. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrar- og efnahagsyfirlit félagsins, rekstrarreikninga og efnahagsreikninga fyrir sjóði félagsins, sjóðstreymi, skýringar 1 - 8 og fimm ára yfirlit.

Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunar okkar.

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin felur í sér athuganir á gögnum með úrtakskönnunum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2005, efnahag þess 31. desember 2005 og breytingu á handbæru fé á árinu 2005, í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Akureyri, 10. apríl 2006.

### PricewaterhouseCoopers hf.

Davíð Búi Halldórsson  
endurskoðandi.

Sighvatur Halldórsson  
